

Mánudaginn 18. janúar 1988.

Nr. 18/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Kevin Fisher

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. þ.m., sem barst Hæstarétti 14. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. janúar 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Kevin Fisher, breskum ríkisborgara, fæddum 25. júlí 1959, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 16:00, en hann er grunaður um tékkamisferli.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir, að kærði, sem dvalið hefur hér á landi í nokkra mánuði, stofnaði tvo bankareikninga, annan í Landsbanka Íslands, en hinn í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Hefur kærði við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi kannast við að hafa gefið út fjölda innistæðulausra ávisana á báða reikningana og telur kærði fjárhæð tékkanna ekki vera hærri en 300.000 kr. Kvaðst kærði hafa stofnað síðari reikninginn vegna

Þess að honum hafi verið tjáð að hann ætti þá möguleika á láni. Kvaðst kærði hafa veikst í nóvember sl. og lent á sjúkrahúsi og kvaðst hann hafa beðið vinnuveitanda sinn að greiða sjúkrapeninga sína og inneign vegna veiðiferðar til bankanna.

Kærði hefur ekki fastan dvalarstað hérlendis og lítið er vitað um hagi hans að öðru leyti.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og nauðsyn ber að tryggja nærveru kærða, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. og 15. gr. laga nr. 45, 1965, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 16:00, enda er kærði grunaður um brot er getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kevin Fisher, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 16:00.

Mánudaginn 18. janúar 1988.
Nr. 355/1987. **Guðbrandur Jónsson**
gegn
dómsmálaráðherra

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Samaðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar hinum kærða frávísunardómi með kæru 24. nóvember 1987, sem ítrekuð var með endurskoðuðum kröfum 8. desember, eftir að héraðsdómari hafði gert athugasemdir eftir 23. gr. laganna. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum